



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Hafnir Múlaþings
Hafnargötu 44
710 Seyðisfjörður

Reykjavík 18. október 2022
Tilv.: UMH22090125/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis Hafna Múlaþings/Seyðisfjarðarhöfn, kt. 560269-4049, sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 28. september sl. þar sem óskað er eftir undanþágu frá starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna niðurrifs á húsnæði skv. 6. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fram kemur að um sé að ræða niðurrif á Angró, húsnæði sem skemmdist illa í óveðri síðustu helgina í september 2022, þar sem húsið féll saman. Húsið sé staðsett að Hafnargötu 35, Seyðisfirði, fastanúmer fasteignar 216-8580. Ábyrgðarmaður verksins sé Rúnar Gunnarsson, kt: 080971-5089. Fram kemur einnig að brýnt sé að rífa húsnæðið sem fyrst vegna slyshættu og frekara foktjóns og að sótt hafi verið um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Austurlands vegna niðurrifsins á húsnæðinu 27. september sl.

Samkvæmt 4. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Heilbrigðisnefndar Austurlands og Umhverfisstofnunar með tölvupóstum þann 14. október sl.

Í umsögn heilbrigðisnefndar sem barst ráðuneytinu samdægurs kemur fram staðfesting á því að umsókn um starfsleyfi vegna niðurrifs á Angró hafi borist heilbrigðisnefnd Austurlands þann 27. september sl. og teljist umsóknin fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlit Austurlands taki undir að brýnt sé að húsnæðið verði rífið án tafar vegna þeirrar slyshættu sem af húsnæðinu stafar og til að koma í veg fyrir frekara foktjón.

Í umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 17. október sl. kemur fram að óskað sé eftir tímabundinni undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem kröfu um kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. sömu laga hefur ekki verið fullnægt. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands hafi umsókn um starfsleyfi borist þann 27. september sl. Tillaga að starfsleyfi hafi ekki verið auglýst á heimasíðunni. Í beiðni umsækjanda komi fram að ástæða umsóknar um tímabundna undanþágu sé sú að slyshætta hafi skapast eftir að húsnæðið skemmdist illa í óveðri í lok september sem hafi orðið til þess að húsið féll saman. Því telji rekstraraðili brýnt að húsnæðið sé rífið sem fyrst til að koma í veg fyrir slys og frekara foktjón. Umhverfisstofnun telji ekki neitt fram komið því til fyrirstöðu að veita umbeðna undanþágu og að ríkar ástæður mæli með því m.t.t. þeirrar hættu sem stafi af húsnæðinu sem umsækjandi vísi til. Umhverfisstofnun telji

að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt að því gefnu að heilbrigðisnefndin telji starfsleyfisumsókn fullnægjandi og veiti jákvæða umsögn. Stofnunin leggi til að undanþágan gildi þar til gefið verði út nýtt starfsleyfi. Skilyrði fyrir undanþágunni verði að fylgja skilyrðum starfsleyfis sem í gildi er fyrir starfsemina og að fylgja skuli þeim kröfum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 kemur fram að ráðherra sé heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, enda sé fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefji í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands kemur fram að fram sé komin fullnægjandi umsókn um starfsleyfi og að brýnt sé að húnæðið verði rífið án tafar vegna slyshættu sem af því stafar og til að koma í veg fyrir frekara foktjón. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji ekki neitt fram komið því til fyrirstöðu að veita umbeðna undanþágu og að ríkar ástæður mæli með því m.t.t. þeirrar hættu sem stafar af húsnaðinu sem umsækjandi vísar til. Umhverfisstofnun telji að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt að því gefnu að heilbrigðisnefndin telji starfsleyfisumsókn fullnægjandi og veiti jákvæða umsögn.

Ráðuneytið telur ljóst að brýnt er að húsnaðið verði rífið án tafar þar sem slyshætta getur stafað af því auk þess sem hætta getur verið á frekara foktjóni. Í ljósi framangreinds og umsagna Heilbrigðisnefndar Austurlands og Umhverfisstofnunar veitir ráðuneytið hér með Höfnum Múlaþings/Seyðisfjarðarhöfn, kt. 560269-4049, tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi fyrir niðurrífi á húsnaðinu Angró, Hafnargötu 35, Seyðisfirði, fastanúmer 216-8580, sbr. 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til niðurrífs á húsnaðinu Angró, Hafnargötu 35, Seyðisfirði, fastanúmer 216-8580.
2. Hafnir Múlaþings/Seyðisfjarðarhöfn skal fara að kröfum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, skilyrðum sem fram koma í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir mengandi starfsemi og starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrif húsa og annarra mannvirkja.
3. Framkvæmdin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Austurlands.
4. Að lokinni framkvæmd skal Hafnir Múlaþings/Seyðisfjarðarhöfn skila niðurrifsskýrslu til Heilbrigðisnefndar Austurlands.

Heilbrigðisnefnd Austurlands fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Hafnir Múlaþings/Seyðisfjarðarhöfn ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber Höfnum Múlaþings/Seyðisfjarðarhöfn að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Austurlands gæti í eftirliti þurft að fylgja eftir kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Austurlands skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 29. nóvember 2022. Nauðsynlegur frágangur vegna framkvæmdarinnar skal vera innan þess tímabils verði ekki gefið út starfsleyfi fyrir 29. nóvember nk.

Ráðuneytið bendir Höfnum Múlapings/Seyðisfjarðarhöfn á að forsvarsmönnum bygginga og lóða ber að tryggja öryggi í mannvirkjum, á lóðum og vinnusvæðum

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Íris Bjargmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Ljósrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands
Umhverfisstofnun